

51  
23. júní

## L Ö G

um

**hlunnindi fyrir annars veðréttar fasteignalánafélög.**

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita félögum, sem stofnuð verða hér á landi með þeim tilgangi að koma í framkvæmd lánunum gegn öðrum veðrétti í fasteignum á tilteknum svæðum, á svipuðum grundvelli og tilsvarandi annars veðréttar lánafélög (Hypothekforeninger) erlendis, þau hlunnindi, er greinir í 2. og 3. gr. laga nr. 62, 7. maí 1928, um hlunnindi fyrir lánsfélag, enda staðfesti ráðherra samþykktir félaganna.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Ásgeir Ásgeirsson.*